

Skipulagsstofnun

Einar Jónsson sviðsstjóri

Laugavegi 166

105 Reykjavík

Dags. 13.02.2015

Með erindi dags. 19. desember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir athugasemdum Veðurstofu við tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Tilvísun: 5618-0-0005

Mál: 2011-262

Íslands

Það er mat Veðurstofunnar að gerð áætlana á borð við þessa sé mikið framfaraskref. Slíkar áætlanir eru mikilvægur hluti af aðgerðum sem stuðla að því að nýta umhverfið á sjálfbæran hátt. Samtímis gæti slíkt verklag komið í veg fyrir óþarfa mistök við skipulag og nýtingu sameiginlegrar auðlindar.

Veðurstofan telur að sjónarmið þau sem hún setti fram í bréfi dags. 21. nóvember 2011 hafi að mörgu leyti verið tekin inn í skipulagsstefnuna, einkanlega varðandi náttúruvá og áætlanir um vernd og orkunýtingu. Hins vegar saknar hún tilvísunar í lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hvað varðar nauðsyn vöktunar á vatni og vistkerfum. Umrædd lög eru „yfirþjóðleg“ í þeim skilningi að með þeim er Íslandi skylt að fara eftir ákvæðum eftirfarandi tilskipana sem innleiddar hafa verið í íslenskan rétt.

1. *Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum, sem vísað er til í X. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007, frá 28. september 2007.*
2. *Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu, sem vísað er til í II. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 87/2009, frá 3. júní 2009.*
3. *Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðastaðla á sviði vatnastjórnunar, sem breytir og fellir úr gildi tilskipanir ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE, 86/280/EBE og breytir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.*
4. *Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tæknilegar skilgreiningar á efnagreiningum og vöktun á vatni, með tilvísun til tilskipunar ráðsins 2000/60/EB.*

Markmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Þá segir í 1. gr. laganna: *Til að ná fram markmiðum laga þessara skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.*

Af þessum sökum telur Veðurstofan mikilvægt að Landsskipulagsstefna taki mið af ofangreindum skyldum og það sé tekið fram með ótvíræðum hætti í áætlunum og meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllt,

Árni Snorrason, forstjóri VÍ